Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.053.293 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 136.487 frá 1. mars 2019 til 1. september 2019, af kr. 485.558 frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, af kr. 625.691 frá 1. mars 2020 til 1. september 2020, af kr. 703.738 frá 1. september 2020 til 1. mars 2021, af kr. 848.761 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, af kr. 1.015.659 frá 1. september 2021 til 1. mars 2022, af kr. 1.167.707 frá 1. mars 2022 til 3. mars 2022, af kr. 3.053.293 frá 3. mars 2022 til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum dags. 25. mars 2019 kr. 23.373, 16. maí 2019 kr. 23.551, 5. nóvember 2019 kr. 50.000, 4. maí 2020 kr. 20.000, 5. júní 2020 kr. 20.000, 6. apríl 2022 kr. 200.000, 14. febrúar 2023 kr. 100.000, 31. mars 2023 kr. 100.000, 3. maí 2023 kr. 100.000, 14. júní 2023 kr. 100.000, 7. júlí 2023 kr. 100.000, 11. ágúst 2023 kr. 100.000, 1. september 2023 kr. 100.000, 29. september 2023 kr. 100.000, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardeggi. Kröfunúmer: 1016-196660.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmáður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2009. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndaút skuldabréf nr. G-079173 þann 4. nóvember 2008 þar sem Magnús Viðar Árnason undirritaði skilmála lánsins, í umboði stefndu, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 30. júní 2009. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 3.624.474 krónum miðað við grunnvísitölu 336,0.

Sigurbjörg Þráinsdóttir tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 4. nóvember 2008, fyrir fjárhæð allt að 7.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 300,3. Ragnar Vignir Guðmundsson tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 5. janúar 2009, fyrir fjárhæð allt að 7.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 300,3. Þá tóku ábyrgðirnar til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Þeim var stefnt í öðru máli með stefnu áritaðri um aðfararhæfi þann 11. ágúst 2023.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins átti að vera 30. júní 2011 en stefnda fékk lán sem hún reyndist ekki eiga rétt á og var hið ofgreidda lán innheimt sem aukaafborgun af námsláninu með gjalddaga 30. apríl 2010. Reglubundnar afborganir hófust þann 30. júní 2011 og hefur verið greitt af láninu til og með 1. september 2019. Gjalddagi 1. mars 2019 fór í vanskil en samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 9. mars 2022 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 1.167.707 krónur en eftirstöðvar lánsins voru þá 1.885.586 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 517,9 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags.	1.3.2019	kr. 136.487
	dags.	1.9.2019	kr. 349.071
	dags.	1.3.2020	kr. 140.133
	dags.	1.9.2020	kr. 78.047
	dags.	1.3.2021	kr. 145.023
	dags.	1.9.2021	kr. 166.898
	dags.	1.3.2022	kr. 152.048
<i>Samtals</i>			<i>1.167.707</i>
Gjaldfallnar eftirst.			kr.1.885.586
Samtals eftirst.			kr. 3.053.293

Inn á skuldina hafa verið greiddar hafa verið greiddar innborganir samtals að fjárhæð 1.136.924 krónur og hefur verið tekið tillit til innborgana í dómkröfu. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að því er varðar stefndu. Stefnda er búsett í Noregi samkvæmt upplýsingum þjóðskrár en reynt var að birta stefnu fyrir stefndu í Noregi sem fyrirhugað var að þingfesta þann 16. febrúar 2023 á heimilisfanginu Margretes vei 30, 1406 Ski, Noregi en birtingin reyndist árangurslaus þar sem stefnda er ekki skráð í Noregi og þekkist ekki á heimilisfanginu samkvæmt birtingarvottorði frá norskum yfirvöldum. Stefnandi hefur engar aðrar upplýsingar um heimilisfang stefndu í Noregi og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um

málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmðan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-079173.
4. Umboð.
5. Sjálfhábyrðaryfirlýsing dags. 5. janúar 2009.
6. Yfirlit yfir útborganir lánsins Upplýsingar um námslok.
7. Yfirlit yfir stöðu láns.
8. Yfirlit yfir skuldabréf.
9. Greiðsluáætlun láns.
10. Innheimtuviðvörðun.
11. Innheimtubréf.
12. Tilkynning um gjaldfellingu.
13. Gögn frá sýslumanninum frá Suðurnesjum um árangurslausa birtingu í Noregi.
14. Birtingavottorð frá norskum yfirvöldum.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. febrúar 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. desember 2023.
F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024000314

Útgáfud.: 10. janúar 2024

Stefna - greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík,
gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Rut Kaliebsdóttir-Petros, kt. 250285-2059, Noregi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.914.455 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 01.03.2021 til 01.09.2021, af kr. 163.501 frá 01.09.2021 til 01.03.2022, af kr. 315.549 frá 01.03.2022 til 23.07.2022, af kr. 2.914.455 frá 23.07.2022 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-220074.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2008-2009. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndaaf því tilefni út skuldabréf nr. G-073134 þann 01.12.2007 þar sem hún undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 29.06.2016. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 2.645.196 krónum miðað við grunnvísitölu 433,7.

Þorsteinn Ingi Valdimarsson tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 01.12.2007 fyrir fjárhæð allt að 7.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 271,0. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Þorsteini Inga er ekki stefnt í máli þessu.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30.06.2018 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 01.03.2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 23.06.2022 vegna verulegra vanskila stefnduen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 315.549 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 2.598.906 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 535,4 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1. mars 2021	kr. 145.023
	dags. 1. september 2021	kr. 18.478
	dags. 1. mars 2022	kr. 152.048
Samtals		kr. 315.549
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 2.598.906
Samtals eftirst		kr. 2.914.455

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b. liðar 1.mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnda var búsett í Noregi samkvæmt sýslumanninum á Suðurnesjum en reynt var að birta stefnu fyrir stefndu í Svíþjóð sem þingfesta átti þann 14. september 2023 en sú birting reyndist árangurslaus þar sem viðkomandi var flutt til Noregs. Stefna var send í birtingu til Noregs með stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 15. febrúar 2024 næstkomandi en stefnan kom til baka frá Noregi þar sem stefnda hafði neitað móttöku gagnanna. Þar sem þarlend yfirvöld í Noregi hafa látið hjá liða að birta stefnuna hefur stefnandi engan annan kost nema að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Svíþjóð auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-073134.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins Upplýsingar um námslok.
5. Greiðsluyfirlit.
6. Yfirlit yfir stöðu lánsins.
7. Yfirlit yfir skuldabréf.
8. Innheimtuviðvörðun.
9. Innheimtubréf.
10. Tilkynning um gjaldfellingu.
11. Reikningur vegna þýðingar á stefnu.
12. Upplýsingar um heimilisfang stefndu í Noregi samkvæmt sænskri íbúaskráningu.
13. Afrit af þýddri stefnu á sænsku sem þingfesta átti þann 14. september 2023.
14. Gögn um stefnubirtingu í Noregi frá sýslumanninum á Suðurnesjum.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. febrúar 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. desember 2023.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024000671

Útgáfud.: 10. janúar 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989.

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Hákon Þór Elmers, kt. 080672-3659, Ótilgreint, Reykjavík.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 12.761.151 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 312.651 frá 5. mars 2020 til 1. mars 2022, af kr. 370.957 frá 1. mars 2022 til 1. mars 2023, af kr. 537.202 frá 1. mars 2023 til 14.07.2023, af kr. 12.761.151 frá 14. júlí 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-220025.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2015-2018. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndi því tilefni út skuldabréf nr. G-400221 þann 8. janúar 2015 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 29. júní 2018. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 9.710.209 krónum miðað við grunnvísitölu 452,2.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Sigrún Rós Elmers tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 8. janúar 2015, fyrir fjárhæð allt að 920.000 krónur miðað við grunnvísitölu 421,0. Guðmundur Sigurður Jóhannsson tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 5. júlí 2017, fyrir fjárhæð allt að 5.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 433,7. Kolbrún Guðbjörnsdóttir tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 16. mars 2015, fyrir fjárhæð allt að 1.600.000 krónur miðað við grunnvísitölu 421,0 og á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 15. júlí 2015, fyrir fjárhæð allt að 4.000.000 með grunnvísitölu 421,0. Lára Sæmundsdóttir tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 12. janúar 2016, fyrir fjárhæð allt að 5.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 427,0. Þá tóku ábyrgðirnar til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Þeirmer ekki stefnt í máli þessu.

Á árinu 2018 fékk stefndi afgreitt námslán til skólagjalda að fjárhæð 304.000 krónur sem síðar kom í ljós að hann átti ekki rétt á þar sem hann skilaði ekki inn námsárangri sbr. ákvæði laga nr. 21/1992 og úthlutunarreglur stefnanda. Samkvæmt útreikningi sjóðsins nam fjárhæð ofgreiðslunnar 312.651 krónum. Í samræmi við úthlutunarreglur stefnanda sem stóð eiga í fyrrgreindum lögum nr. 21/1992, sem og í ákvæðum skuldabréfsins sjálfs, var skuldabréfinu lokað þann 29. júní 2018, þ.e. við lok síðasta aðstoðartímabils og var stefndaákvörðuð aukaafborgun með gjalddaga 5. mars 2020, samtals að fjárhæð 312.651 krónum. Fjárhæð ofgreiðslunnar er uppreiknuð miðað við grunnvísitölu 456,8 sem er vísitala nóvember mánaðar 2018, mánuði eftir að lánið er greitt út sem í máli þessu var í október 2018, og vísitölu á gjalddaga aukaafborgunar sem þá var 469,8.

Stefndi stóð ekki skil á greiðslu aukaafborgunarinnar á gjalddaga hennar þann 05.03.2020 né á reglulegum afborgunum lánsins sem hófust þann 1. mars 2022 en stefndi fékk undanþágu frá föstum afborgunum árin 2020-2021 vegna veikinda Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 14.06.2023 vegna verulegra vanskila stefndaen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 537.202 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 12.223.949 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 580,7 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 5. mars 2020	kr. 312.651
	dags. 1. mars 2022	kr. 58.306
	dags. 1. mars 2023	kr. 166.245
Samtals		kr. 537.202

Gjaldfallnar eftirst.

kr. 12.223.949

Samtals eftirst.

kr. 12.761.151

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að því er varðar stefnda. Stefnandi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár með ótilgreint heimilisfang og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G- 400221.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins og upplýsingar um námslok.
5. Greiðsluyfirlit vegna láns nr. G-400221.
6. Yfirlit yfir stöðu lánsins.
7. Yfirlit yfir skuldabréf.
8. Innheimtuviðvörðun.
9. Innheimtubréf.
10. Tilkynning um gjaldfellingu.
11. Yfirlit yfir undanþágur frá afborgunum.
12. Lánsáætlun.
13. Ástæður ofláns.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. febrúar 2024 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. desember 2023.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024000674

Útgáfud.: 10. janúar 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

**Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,**

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Ingunni Elfu Gunnarsdóttur, kt. 260979-5909, Danmörku.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.925.821 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, af kr. 490.016 frá 1. september 2021 til 13. nóvember 2021, af kr. 3.925.821 frá 13. nóvember 2021 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-210168.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2005-2007. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndaaf því tilefni út skuldabréf nr. G-057499 þann 8. ágúst 2005 þar sem Sigurður Eggert Gunnarsson undirritaði skilmála lánsins í umboði stefndu, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 31. janúar 2007. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 1.985.529 krónum miðað við grunnvísitölu 266,2.

Ingibjörg S. Steingrimsdóttir tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 8. ágúst 2005, fyrir fjárhæð allt að 6.500.000 krónur miðað við grunnvísitölu 240,7. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Henni er ekki stefnt í máli þessu.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. mars 2021 en endurgreiðslur frestuðust fram til þess tíma þar sem lántakanda bar að greiða af öðru námsláni sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2021.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands þann 13. október 2021 var bú stefndu tekið til gjaldþrotaskipta og féll lánið þá allt í gjalddaga í samræmi við ákvæði 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og námu eftirstöðvar lánsins þá 3.435.805 krónum uppreiknað miðað við vísitölu 5058,0. Gjaldfallnar afborganir námu þá 490.016 krónum og var krafan í heild sinni 3.925.821 krónur sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1. mars 2021	kr. 145.023
	dags. 1. september 2021	kr. 344.933
Samtals		kr. 490.016
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 3.435.805
Samtals		kr. 3.925.821

Kröfu þessari var lýst í þrotabúið og voru skiptalok á þrotabúi stefndu þann 13. janúar 2022 og lauk skiptum án þess að greiðsla fengist upp í lýsta kröfur og fékkst því ekkert greitt upp í kröfu stefnanda úr þrotabúinu.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b. liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnda er búsett í Danmörku samkvæmt þjóðskrá. Stefna sem fyrirgaað var að þingfesta þann 15. september 2022 var þýdd og send í birtingu til Danmerkur en birtingin reyndist árangurslaus þar sem stefnda var flutt frá heimilisfanginu, Bredgade 1, 2 tv., 8740 Brædstrup, Danmörk. Óskað var eftir aðstoð erlends innheimtuaðila við leit að öðrum heimilisfangi hjá stefndu í Danmörku en samkvæmt erlenda innheimtuaðilanum lágu fyrir nýjar upplýsingar um heimilisfang stefndu í Danmörku, Avnen 13, 8757 Gedved Danmörk. Stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 16. febrúar 2023 var þýdd og send í birtingu til Danmerkur á nýtt heimilisfang en með bréfi mótteknu þann 15. ágúst 2023 hjá sýslumanninum á Suðurnesjum frá dönskum yfirvöldum náðist ekki að birta stefnuna áður en birtingafresturinn rann út. Þar sem dönsk yfirvöld létu hjá liða að birta stefnuna innan stefnufrests á stefnandi því ekki annars kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Danmörku auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur er því nauðsyn að fá virðisaukaskattinn dæmdan úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-057499.
4. Umboð.
5. Yfirlit yfir útborganir lánsins.
6. Upplýsingar um námslok.
7. Greiðsluáætlun stefnanda.
8. Yfirlit yfir stöðu láns.
9. Afrit af kröfulýsingu í þrotabú.
10. Innheimtuviðvörðun.
11. Innheimtubréf.
12. Afrit úr Lögbirtingablaði vegna gjaldþrots stefndu.
13. Yfirlit yfir greiðslur R láns.
14. Reikningar vegna þýðingar á stefnu.
15. Upplýsingar um árangurslausu stefnubirtingu í Danmörku móttekið af sýslumanni þann 19. september 2022.
16. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 15. september 2022.
17. Upplýsingar um heimilisfang stefndu hjá erlendum innheimtuaðila.
18. Upplýsingar frá dönskum og íslenskum yfirvöldum um birtingu á stefnu.
19. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 16. febrúar 2023.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. febrúar 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. desember 2023.
F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024000677

Útgáfud.: 11. janúar 2024

Stefna - vegna faðernis barns

Gunnar Erluson,
kt. 040259-2799,
Blávalsgatan 5, D41475 Göteborg,
Svíþjóð,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða faðernismál skv. II. kafla barnalaga nr. 76/2003 fyrir héraðsdómi Reykjavíkur gegn Hirti Gunnarssyni, kt. 040432-4509, látinn, fyrir því er stefnt eftirlifandi erfingjum hans samkvæmt 1. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 76/2003, sem eru þessir:

Nanna Friðgeirsdóttir, kt. 121138-4099, Skógarseli 43, Reykjavík.

Ragnhildur Hjartardóttir Kaufman, kt. 040560-5729, heimilisfang óþekkt, búsett í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Þuríður Hjartardóttir, kt. 101061-4429, Naustavör 30, Kópavogi.

Unnur Hjartardóttir, kt. 151054-4259, Sunnusmára 6, Kópavogi.

Þóra Björk Hjartardóttir, kt. 160858-2579, Súluhöfða 1, Mosfellsbæ.

Anna Björg Hjartardóttir, kt. 100259-2659, Sörlaskjólí 7, Reykjavík.

I. Dómkröfur: Stefnandi gerir þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að Hjörtur Gunnarsson, nú látinn, sé faðir stefnanda.

Einnig er gerð krafa um að fram fari mannfæðisráðgjafi rannsókn á aðilum þessa máls í samræmi við ákvæði III. kafla, sbr. II. kafla barnalaga nr. 76/2003.

Að auki er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði, að viðbættum virðisaukaskatti.

II. Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Lárus Sigurður Lárusson, lögmannsstofunni SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Skipholti 50C í Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málavextir: Stefnandi fæddist á Íslandi hinn 4. febrúar 1959. Móðir hans hét Erla Guðbjartsdóttir, fædd 27. september 1934. Þegar stefnandi fæddist var Erla móðir hans hvorki gift né í sambúð. Í maí 1959 höfðaði Erla barnsfaðernismál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur manni að nafni Björn Sigurðsson, fæddur 13. september 1926, látinn 30. júlí 1984. Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðilum sem útilokaði Björn sem föður barnsins. Hinn 17. september 1965 var þingfest barnsfaðernismál Erlu fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar á hendur Hirti Gunnarssyni. Í þinghaldi hinn 17. ágúst 1966 var því máli frestað ex officio um óákveðinn tíma í því skyni að málsókn á hendur fyrrgreindum Birni Sigurðssyni yrði fram komið, í samræmi við þágildandi réttarfarslög. Þeirri málsókn var fram komið í apríl 1967 og féll dómur í málinu hinn 17. ágúst 1967. Dómsorð er sem hér segir:

„Ef sóknaraðili, Erla Guðbjartsdóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu eðð að því, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en þá

varnaraðilana Björn Sigurðsson og Hjörtur Gunnarsson á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, þá skal varnaraðili Hjörtur Gunnarsson teljast faðir barns þess, sem sóknaraðili ól þann 4. febr. 1959, enda greiði hann þá meðlag með barninu, fæðingarstyrk til sóknaraðila, svo og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1959 – allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, greiði varnaraðili Hjörtur allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðila Birni Sigurðssyni, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, Rannveigar Þorsteinsdóttur, hrl. kr. 3.500.- en kostnaður sá, sem stafar af þætti varnaraðila Björns í málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans Þorvaldar Þórarinssonar, hrl. kr. 3.500.-.

Verði sóknaraðila hins vegar eiðfall skal varnaraðili Hjörtur vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.“

Engin gögn hafa fundist um eiðstaf Erlu og verður því að ætla að henni hafi eiðfall orðið.

Andlegt ástand Erlu var að sögn bágborið á þessum tíma og féll hún fyrir eigin hendi 30. janúar 1975. Stefnandi ólst upp án þess að vita hver hans faðir væri og hafði hann engin kynni af hvorki Hirti né Birni.

Þrátt fyrir að Björn hafi útilokast sem faðir stefnanda var hann engu að síður skráður sem faðir hans í Þjóðskrá allt til ársins 2022. Sú skráning var þá leiðrétt og er hann nú skráður án föður.

Í ljósi þess að áður hafði fallið dómur um sakarefnið fór stefnandi þess á leit við Endurupptökudóm að fyrrgreindur dómur Bæjarþings Hafnarfjarðar yrði endurupptekinn svo stefnandi ætti þess kost að sannreyna með nútíma tækni hvort Hjörtur sálugi væri faðir hans. Endurupptökudómur kvað upp úrskurð sinn 6. desember sl. og hafnaði beðni stefnanda á þeim rökum að stefnandi hafi ekki verið aðili málsins hjá Bæjarþingi Hafnarfjarðar heldur móðir hans en ekki væri í lögum nr. 91/1991 að finna heimild fyrir börn látinnar manneskju til þess að krefjast endurupptöku á dómi í einkamáli sem viðkomandi hefur átt aðild að. Dómurinn tók sérstaklega fram að þrátt fyrir framangreint væri stefnanda heimilt að höfða nýtt mál skv. 10. gr. barnalaga nr. 76/2003. Af þeim sökum er mál þetta nú höfðað.

IV. Málsástæður: Stefnandi er kominn af léttasta skeiði og hefur um nokkurn tíma átt við illvígán sjúkdóm að etja. Honum er mikið í mun að fá úr uppruna sínum skorið áður en yfir lýkur. Hann er í dag skráður án föður en skýrt er um það kveðið í barnalögum að barn eigi skýlausan rétt til að þekkja báða foreldra sína, sbr. 1. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

Stefnandi byggir á því að Hjörtur Gunnlaugsson sé faðir hans og vísar máli sínu til stuðnings í dóm Bæjarþing Hafnarfjarðar á hendur Hirti frá 17. ágúst 1967. Í dómnum var á því byggt að Hjörtur hafi haft samfarir við Erlu, móður stefnanda, á heimili hans við Ránargötu í Reykjavík, á getnaðartíma og án getnaðarverju. Hjörtur neitaði fyrir dómi að hafa haft samfarir við Erlu. Fyrr hafði hann þó óskað þess eða þegar Erla höfðaði barnsfaðernismál á hendur Birni, að hún myndi þaga yfir fyrrgreindum ástarfundi þeirra á Ránargötunni. Ekki þótti styrkja framburð Hjartar að hann hafi ekki verið við eina fjölinna felldur á þeim tíma er getnaður hafi átt að eiga sér stað. Átti hann þrjú óskilgetin börn með þremur konum, utan hjónabands. Samkvæmt blóðflokksrannsókn sem fram fór undir meðferð málsins 1967 getur Hjörtur verið faðir stefnanda.

Síðan dómur bæjarþings féll í ágúst 1967 hafa miklar framfarir orðið á líftækni og á sviði erfðafræðirannsókna. Í dag er með óyggjandi hætti hægt að staðfesta faðerni barns með lífsýnum, ólíkt því sem var árið 1967 þegar blóðflokksrannsóknir gátu eingöngu útilokað menn frá faðerni en ekki staðfest það. Stefnandi telur að með mannerfðafræðilegri rannsókn verði hægt að fá endanlega skorið úr sakarefni þess máls.

Í því samhengi má vekja máls á því að stefnandi fór í DNA-Heritage próf sem sýnt hefur fram á náinn skyldleika með afkomendum Hjartar. Erfðafræðileg rannsókn mun því koma til með að skera nánar úr um hversu mikill sá skyldleiki er, en ljóst er af þessu að töluverðar líkur eru á því að Hjörtur heitinn sé faðir stefnanda.

Að sama skapi hefur réttarfar hér á landi þróast í takt við tímann og kröfur nútímans sem birtist m.a. í því að ekki þykir lengur forsvaranlegt að faðerni ráðist af eiði, eða eins og í þessu tilviki eiðsfalli.

Samkvæmt framansögðu kann að reynast nauðsynlegt að fram fari sérstakar rannsóknir á aðilum þessa máls eins og t.d. blóðrannsóknir o.s.frv. í samræmi við ákvæði III. kafla, sbr. II. kafla barnalaga nr. 76/2003. Hjörtur lést árið 2011 eftir veikindi og má ætla að blóðsýni úr honum megri finnast í gagnagrunni Lífsýnasafns meinafræðideildar Landspítalans.

Þar sem ljóst er að stefnandi er ekki feðraður er honum nauðsynlegt að höfða faðernismál þetta með vísan til II. kafla barnalaga nr. 76/2003 til þess að fá faðerni sitt viðurkennt.

V. Lagatilvísanir: Stefnandi styður kröfur sínar með vísan til III. kafla barnalaga nr. 76/2003, einkum, 1. og 3. mgr. 21. og 22. gr. laganna og ákvæða laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 22. gr., sbr. 11. gr. barnalaga, en að öðru leyti á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Varnarþing byggir á 1. mgr. 9. gr. barnalaga.

VI. Áskilnaður: Áskilinn er réttur til að afla frekari ganga fyrir dómi á síðari stigum málsins. Einnig er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn fyrir dóminn á síðari stigum máls þessa, reifa málið frekar og bera fram málsástæður og mótmæli ef tilefni gefst til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til þess að kalla til vitni við aðalmeðferð málsins.

VII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Nönnu Friðgeirsdóttur, kt. 121138-4099, Skógarseli 43, Reykjavík; Ragnhildi Hjartardóttur Kaufman, kt. 040560-5729, heimilisfang óþekkt, búsett í Bandaríkjunum Norður-Ameríku; Þuríði Hjartardóttur, kt. 101061-4429, Naustavör 30, Kópavogi; Unni Hjartardóttur, kt. 151054-4259, Sunnusmára 6, Kópavogi; Þóru Björk Hjartardóttur, kt. 160858-2579, Súluhöfða 1, Mosfellsbæ; og Önnu Björgu Hjartardóttur, kt. 100259-2659, Sörlaskjóli 7, Reykjavík; til að mæta í dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, í dómsal 102, fimmtudaginn 29. febrúar 2024 kl. 10.00 þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, hinn 14. desember 2023.

F.h. stefnanda,

Lárus Sigurður Lárusson hdl.

(2024000696

Útgáfud.: 8. janúar 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 5. janúar 2024, í máli nr. L-7399/2023, var Hella Svavarsdóttir, kt. 090970-3809, svipt fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 5. janúar 2024.

Björn L. Bergsson héraðsdómari.

(2024000395

Útgáfud.: 12. janúar 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 11. janúar 2024, í máli nr. L-67/2024, var Hermann Páll Jónasson, kt. 181151-4399, sviptur fjárræði tímabundið í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 11. janúar 2024.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari.

(2024000712

Útgáfud.: 9. janúar 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Háaleitisbraut ehf.**Kt.: 681223-0100.**Heimili og varnarþing: Lónsbraut 2, 220 Hafnarfjörður.**Dagsetning samþykktar er: 14. október 2023.**Stofnendur: Atlantsolía Investments ehf., kt. 620118-1410, Lónsbraut 2, 220 Hafnarfjörður.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. október 2023.**Stjórnarmaður: Guðmundur Kjærnested, kt. 121067-3749, Bandaríkin. Varastjórn: Lúðvík Örn Steinarsson, kt. 080768-4359, Holtási 10, 210 Garðabær.**Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Guðmundur Kjærnested.**Prókúruumboð: Guðmundur Kjærnested, Guðrún Ragna Garðarsdóttir, 130676-4489, Granaskjólí 29, 107 Reykjavík.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Deloitte ehf. kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogur.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvres kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024000406)

Útgáfud.: 9. janúar 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Port fasteignir ehf.**Kt.: 671223-0120.**Heimili og varnarþing: Almannakór 9, 203 Kópavogur.**Dagsetning samþykktar er: 1. desember 2023.**Stofnendur: Hallveig Guðný Guðnadóttir, kt. 141267-5239, Almannakór 9, 203 Kópavogur, Hlynur Ársælsson, kt. 190970-3299, Almannakór 9, 203 Kópavogur, Guðni Þ. Skúlason, kt. 101244-4319, Hofslundi 7, 210 Garðabær.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. desember 2023.**Formaður stjórnar: Hallveig Guðný Guðnadóttir. Meðstjórnendur: Hlynur Ársælsson, Guðni Þ Skúlason.**Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Hlynur Ársælsson.**Prókúruumboð: Hlynur Ársælsson, Hallveig Guðný Guðnadóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Rýni endurskoðun ehf., kt. 610909-1080, Síðumúla 23, 108 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala fasteigna, leiga atvinnuhúsnæðis og tengd starfsemi.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024000407)

Útgáfud.: 9. janúar 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Árbók ehf.**Kt.: 691223-0190.**Heimili og varnarþing: Lerkidal 13, 260 Reykjanesbær.**Dagsetning samþykktar er: 27. desember 2023.**Stofnendur: Ásta Rún P. Kolbeins, kt. 070583-3059, Lerkidal 13, 260 Reykjanesbær.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 27. desember 2023.**Stjórnarmaður: Ásta Rún P. Kolbeins. Varastjórn: Árni Samúelsson, kt. 260583-3609, Lerkidal 13, 260 Reykjanesbær.**Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.**Prókúruumboð: Ásta Rún P. Kolbeins.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Telma Hafrós Hinriksdóttir, kt. 090298-3569, Skólabraut 10, 250 Suðurnesjabær.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Reikningshald, bókhald og skattaráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024000408)

Lögbirtingablað,
12. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.